

Ársskýrsla Umhverfissviðs 2019

Umhverfissvið:

Umhverfissvið starfar í umboði umhverfis- og skipulagsráðs og eru málaflokkar þess umhverfis- og samgöngumál skipulags- og byggingarmál og eignaumsýsla.

Mikið var undir á öllum deildum Umhverfissviðs 2019 hvort sem það var byggingar- og skipulagsdeild, Eignaumsýslu eða Umhverfis- og framkvæmdarmálum. Töluverðar mannbreytingar voru á árinu og ber þar helst að nefna að okkar reyndasti maður Sveinn Númi Vilhjálmsson bæjarverkfræðingur til margra ára hætti á árinu sökum aldurs. En á sama tíma kom inn öflugur liðsauki.

Breyting var gerð á skipulagi sviðsins um mitt ár og því skipt upp í þrjár deildir; Byggingar- og skipulagsdeild, Eignaumsýsludeild og Umhverfisdeild. Deildarstjórar voru settir yfir hverja deild sem bera ábyrgð á ákveðnum hlutum starfsseminnar. Óskað var eftir tveim nýjum stöðugildum á árinu, tæknifulltrúa og deildarstjóra umhverfismála. Einn starfsmaður var færður frá Eignaumsýslu yfir á Umhverfismiðstöð en þær breytingar urðu í upphafi árs 2020.

Skipulagsmál:

Skipulagsfulltrúi er Umhverfis- og skipulagsráði til aðstoðar við framfylgd skipulagsmála. Veitir framkvæmdarleyfi og stýrir skipulagsmálum.

Tekin var ákvörðun af sveitarfélaginu að fara þyrfti í endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar og er sú vinna hafin. Það var talið nauðsynlegt meðal annars vegna fólksfjölgunar. Stefnt er að að vinnu við endurskoðun Aðalskipulags ljúki á þessu ári og er vinnu við Rammaskipulag Ásbrú er nærri lokið. Reynst hefur vel að fjölga fundum hjá Umhverfis- og skipulagsráði en algengt er að málafjöldi sé 16-17 mál á fundi. Alls voru 325 mál tekin fyrir á 20 fundum árið 2019. Þar af voru 16 stærri og minni deiliskipulagsmál, 45 grenndarkynningar, 46 lóðarúthlutanir, 6 umsagnir fyrir skipulagsstofnun og ýmis önnur mál.

Byggingarmál:

Byggingarfulltrúi er stjórnvaldið og sá aðili sem gefur út byggingarleyfi. Hann krefst tilskilinna gagna og sér til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um leyfisveitinguna.

Álag á embætti byggingarfulltrúa var í meðallagi árið 2019. Átak í skráningu fasteigna hefur verið viðvarandi allt árið, unnið hefur verið í skjalamálum jafnt og þétt og í lok árs var byrjað að skanna inn eldri gögn í skjalavistunarkerfi. Mikið hefur verið að gera í lokaúttektum á mannvirkjum. Vinna við tengingu byggingargáttar við skjalavistunarkerfi hélt áfram ásamt áframhaldandi þróun á byggingargátt í samstarfi við mannvirkjastofnun. Þann 1. nóvember var hætt að taka við pappír og rafrænt byggingarleyfi tekið í fullanotkun. Afgreiðslufundir voru 11 á árinu þar sem um 170 erindi voru tekin fyrir. Af þeim voru rúmlegar 110 samþykkt, 35 erindum vísað til frekari afgreiðslu til skipulagsfulltrúa, 24 erindum var frestað og einu hafnað. Um 30 lóðum var úthlutað á árinu og 8 skilað aftur eftir úthlutun.

Eignaumsýsla:

Reykjanesbær á og rekur um 52 eignir af öllum stærðum og gerðum. Þá er Umhverfissvið með um 240 eignir í umsjá fyrir Fasteignir Reykjanesbæjar.

Á sviði Eignaumsýslu eru þrjú stöðugildi. Helstu verkefni deildarinnar eru framkvæmdir og viðhald fasteigna í eigu Reykjanesbæjar. Þá aðstoðar sviðið Fasteignir Reykjanesbæjar sem er séreignarfélag við ýmis verkefni.

Eins og undanfarin ár var þó nokkuð unnið í stofnunum bæjarins. Mest er unnið við viðhald yfir sumartímann þegar skólar og leikskólar eru í sumarfríi.

Á leikskólanum Velli á Ásbrú var unnið í seinni áfanga á breytingu á leikskólalóðinni. Í Holtaskóla var kennarastofa uppfærð auk þess sem haldið var áfram með gluggaskipta. Eldhús kennara í Myllubakkaskóla fékk upplyftingu. Í Heiðarskóla voru tvö rými stækkuð til að nýta þau betur sem kennslustofur. Í Háaleitisskóla voru salerni uppfærð í takt við kröfur nútímans, en salernin voru frá tímum hersins. Einnig var haldið áfram að útrýma teppum á gólfum í Háaleitisskóla og sú útrýming á að klárast árið 2020. Í Akurskóla var farið í breytingu á stiga í salnum þannig að salurinn nýtist jafn vel og salurinn í Heiðarskóla. Fyrsti áfangi í að klæða Njarðvíkurskóla hófst á árinu en verið er að klæða þá hlið sem snýr að Þórustíg. Þessu verki er skipt í þrjá hluta á jafn mörgum árum. Engar stórfamkvæmdir voru í leikskólum umfram hefðbundið viðhald.

Leikskólinn Garðasel, Duus hús og leikvöllurinn Heiðarból voru málaðir að utan.

Parket í Íþróttahúsinu við Sunnubraut og Íþróttahús Njarðvíkur var mattað og lakkað, en þetta er verkefni sem þarf að framkvæma á þriggja - fjögurra ára fresti.

Á hverju ári er málað innanhús í flestum stofnunum Reykjanesbæjar og eru ákveðin fermetra fjöldi eyrnamerkur hverri stofnun.

Áfram er haldið með LED væðingu og árinu var skipt um ljós m.a. í Sundmiðstöð, Háaleitisskóla og Myllubakkaskóla. Sú stefna einnig tekin ef ljós skemmast af einhverjum völdum þá er sett upp Led ljós.

Stóru verkin þetta árið var stækkun á Öspinni og færanlegar kennslustofur við Myllubakkaskóla, Stapaskóla og Leikskólann Hjallatún. Þar sem færanlegar kennslustofur voru settar niður er mikil ánægja með þær of virðist þetta verkefni hafa heppnast vel og einhverjir tala um þessar stofur sem „svíturnar“.

Alltaf er e-ð um viðhald á lóðum skóla og leikskóla. Á það bæði við um lóð og leiktæki. Þá var skipt um gervigras á sparkvöllum við Myllubakkaskóla og Holtaskóla.

Umhverfisþjónusta:

Umhverfisþjónusta Reykjanesbæjar annast daglegan rekstur á gatnakerfi og opnum svæðum í Reykjanesbæ. Sviðið spannar allt frá gróðursetningu plantna til snjómokstur og hálkueyðingar.

Umhverfismiðstöð

Í umhverfismiðstöð starfa 16 manns við hin ýmsu störf sem snúa helst að þjónustu við íbúa og stofnanir Reykjanesbæjar.

Fyrir utan hin hefðbundnu verkefni sem snéru að viðhaldi gatna og annarra götugagna, viðhald á opnum svæðum fór töluverð vinna í að endurnýja strætóskýli. Einnig var sett í gang töluverð endurnýjun á leik-og grunnskólalóðum. Bæði voru það starfsmenn Umhverfismiðstöðvar og verktakar sem komu að þeirri vinnu.

Farið var í að byrja aftur á málningu á kantsteinum sem var unnin mestmegnis af Vinnuskóla.

Skemmtileg umhverfisverkefni sumarið 2019 voru t.d. uppsetning á hengirúmum við gafl Duus húsa og staurar settir niður í brekkutúnið við Svarta Pakkhúsið. Stefnt er að enn frekari verkefnum af þessum toga sumarið 2020. Starfsmenn Umhverfismiðstöðvar hafa fundið vel fyrir fjölgun íbúa og aukningu í þjónustu við stofnanir Reykjanesbæjar. Eins og staðan er um þessar mundir er Umhverfismiðstöð nægjanlega mönnuð. Huga þarf að fjölgun starfsmanna á næstu árum.

Vinnuskóli og garðyrkjuhópur

Á sumrin eru Vinnuskóli og Garðyrkjudeild gerð út frá Umhverfismiðstöð.

Sumarið 2019 fjölgaði mjög í þessum hópi og voru samtals 496 starfsmenn hjá Vinnuskólanum og garðyrkjudeild við ýmiskonar störf frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst.

Í ár voru gerðar þær breytingar að ekki voru tvö starfstímabil heldur aðeins eitt og máttu nemendur vinna samtals 150 vinnustundir á sjö vikna tímabili.

Nemendur sem eru 15 ára á árinu, tóku annað ári í röð þátt í verknámssmiðjum FS í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og Reykjanesbæ. Það voru tveir dagar.

Verkefni vinnuskóla eru almenn fegrun umhverfis.

Felst það meðal annars í hreinsun á stofnæðum og opnum svæðum, beðum og leiksvæðum.

Einnig fara nemendur í svokallaða hverfahreinsun eins og tækifæri gefst til.

Nemendur í garðyrkjuhópi sjá um sumarblómin, sláttur verkefni víða um bæinn samhliða því að sinna beðahreinsun og tilfallandi verkefnum.

Nánar má lesa um starf vinnuskóla í skýrslu Vinnuskólans.

Fráveita:

Fráveita
Reykjanesbæjar er B
hlutastofnun í eigu
Reykjanesbæjar.
Umhverfissvið annast
allan daglegan rekstur
sem og allar
nýframkvæmdir
fráveitna.

Nýframkvæmdir í fráveitu voru Skólavegur/Bolafótur, Sjónarhóll og Vogshóll. Endurnýjun og viðhald á fráveitu voru helst Smáratún og Tjarnagata auk minni viðhaldsverkefna. Þá var haldið áfram í að mynda og ástandsskoðað lagnir í bæjarfélaginu en niðurstaðan sýnir að það er kominn tími til að setja en frekari fókus á fráveitu Reykjanesbæjar. Einnig var unnið að kortlagningu aldurs og undirbúið að setja saman nýja framkvæmdaráætlun til lengri tíma. Mikilvægt er að ákveða staði sem hægt væri að fódra til að auka líftíma núverandi lagna. Sú aðgerð kalla á mun minna rask og er ódýrari og hugsuð sem þáttur í að kaupa tíma við forgangsröðun nauðsynlegra framkvæmda. Undirbúningur að endurnýjun lagna í Faxabraut, Garðavegi, Sóltúni, Miðtúni og Vallartúni er hafin. Skoða með fódrun á Greniteigi, Birkiteigi og Skólavegi í skoðun. Einnig er unnið að skoðun á öðrum hverfum og forgangsröðun. Framkvæmdir við að tengja fráveitu út Hólamiðum við Helguvíkurbær þarf að skoða. Mikið verk er framundan í fráveitumálum Reykjanesbæjar með byggingu nýrrar hreinsistöðvar en ný reglugerð um fráveitumál mun leggja auknar kröfur á sveitarfélagið frá því sem nú er.

*„The right way to
determine your future
is by creating it“.*

Eins og undanfarin ár var árið 2019 viðburðarríkt og erilsamt á Umhverfissviði. Mannabreytingar á sviðinu tóku sinn toll en nýtt fólk kemur um leið með mikinn kraft inn á sviðið og nýja sýn. Samskipti við önnur svið og aðra starfsmenn Reykjanesbæjar sem og bæjarfulltrúa hefur verið mjög gott og það ber að þakka. Ný samþykkt stefna Reykjanesbæjar og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna munu hafa bein áhrif á störf og stefnur starfsmanna umhverfissviðs eins og annarra starfsmanna Reykjanesbæjar á komandi árum. Unnið er að endurskoðuðu aðalskipulagi og fjöldi deiliskipulaga er í vinnslu sem er undanfari framkvæmda. Breytingar voru gerðar á almenningssamgöngukerfinu í lok árs sem þó nokkrar ábendingar bárust um og þarfnast skoðunar á nýju ári.

Unnið í samstarfi við starfsmenn Umhverfissviðs í mars/apríl 2020

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs